

Leiðbeiningar til einstaklinga í sóttkví vegna útfarar ástvinnar

Einstaklingar sem eru í sóttkví vegna COVID-19 (eftir ferðalag til landsins eða vegna nándar við tilfelli) fá ekki undanþágu frá sóttkví vegna veikinda eða andláts og útfarar ástvinnu og ættu að fara eftir [leiðbeiningum um heimasóttkví](#).

Í samráði við þjóðkirkjuna og útfararstjóra hefur sóttvarnalæknir gert leiðbeiningar fyrir einstaklinga í sóttkví til að geta kvatt ástvinni. Einstaklingar sem eru í sóttkví vegna nándar við tilfelli og dveljast á sama stað/heimili og sýktur einstaklingur mega **ekki** vera viðstaddir kistulagningu eða jarðarför/bálför meðan á sóttkví stendur.

Við undirbúning útfarar ættu samskipti við prest eða forstöðumanns trúfélags og útfararstofu og aðra ættingja sem sinna þessum undirbúningi að fara sem mest fram með aðstoð tækninnar en ekki augliti til auglitis. Ef óhjákvæmilegt er að vera í sama rými ætti að gæta vel að hreinlæti og halda 1 m fjarlægð frá öðrum.

Við kistulagningu ætti einstaklingur í sóttkví að sitja í a.m.k. 1 m fjarlægð frá öðrum og fara að kistunni á eftir öðrum og þegar þeir eru komnir frá kistunni aftur.

Við greftrun ætti einstaklingur í sóttkví að halda sig í a.m.k. 1 m fjarlægð frá öðrum, bæði í kirkjunni og í garðinum.

Einstaklingar í sóttkví eiga **ekki** að mæta í erfidrykkju. Þar er meiri hættu á nánd við aðra og sameiginlegum snertiflötum með aukinni hættu á smiti og ótryggari smitrakningu.

Mikilvægt er að einstaklingur í sóttkví fylgist með einkennum COVID-19. Ef einkenni koma fram, s.s. hiti >38 °C, hósti, kvefeinkenni, hálssærindi, stoðkerfisverkir, höfuðverkur eða skyndilegar breytingar á bragð- eða lyktarskyni þá ætti viðkomandi að fara í [einangrun](#) og þeir sem hafa umgengist viðkomandi náið í 1–2 daga á undan í [sóttkví](#). Hafa þarf samband við heilsugæslu eða Læknavaktina í síma 1700 til að fá úr því skorið hvort um COVID-19 gæti verið að ræða og hvenær þörf er á sýnatöku. Einstaklingur í einangrun getur ekki verið viðstaddur útför.

Sóttvarnalæknir